

Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara

Stöðuskýrsla í janúar 2016

INNGANGUR

Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara var stofnað með skipunarbréfi mennta- og menningarmálaráðherra 27. febrúar 2013. Ráðið er samstarfsvettvangur ráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands og þriggja háskóla sem mennta kennara; Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands og Listaháskóli Íslands. Skipun ráðsins byggir á samstarfssamningi fyrrnefndra aðila frá 30. júní 2011 og tillögum í lokaskýrslu Samstarfsnefndar um símenntun kennara frá 15. okt. 2012.

Fagráðið skipa alls 19 fulltrúar, þrjú fulltrúar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu auk formanns sem er skipaður án tilnefningar, fjórir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fjórir frá skólastjórnendum, fjórir frá kennurum og þrjú frá háskólunum þremur sem standa að kennaramenntun. Sex manna hópur stýrir fagráðinu.

Markmið fagráðsins er að vinna að stefnumörkun á sviði símenntunar og starfsþróunar kennara, skólastjórnenda og ráðgjafa á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi auk tónlistarskóla. Fagráðið er skipað til þriggja ára, eða til 26. febrúar 2016. Fagráðið hefur skilað stöðuskýrslum til ráðherra reglulega og síðast í janúar 2015.

Hlutverk fagráðs

Fagráðið er formlegur samstarfsvettvangur ráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, kennarasambandsins og háskóla sem mennta kennara, til að ræða sjónarmið og álitamál varðandi símenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og tónlistarskólum.

Í stofnsamningi segir:

Fagráðið er sameiginlegur vettvangur hagsmunaaðila sem greinir þarfir skólasamfélagsins, miðlar upplýsingum og setur fram hugmyndir sínar um stefnu varðandi símenntun og starfsþróun kennara.

Fagráð tryggir að hagsmunaaðilar hafi samráð um áherslur í starfsþróun kennarastéttarinnar.

Ráðið verður leiðandi í umræðu um þróun og stefnumótun um símenntun og starfsþróun og setur fram stefnu sína og hugmyndir að nýjum áherslum og leiðum.

Ráðið leitar upplýsinga um helstu strauma og stefnur varðandi þessi mál sem víðast og miðlar upplýsingum um það til skólasamfélagsins til dæmis á ráðstefnum, fræðslufundum og málþingum.

Fagrád aflar upplýsinga um þörf fyrir símenntun til dæmis með samræðu hagsmunaaðila og miðlar framboði á símenntun og starfsþróun kennara á upplýsingaveitu.

Á vegum fagráðs geta vinnuhópar starfað að ákveðnum málefnum. Ráðið getur tengst sambærilegum aðilum erlendis sem vinna að svipuðum málefnum.

Haldnir hafa verið fjórir fundir fagráðs á árinu 2015 og fjórtán fundir stýrihóps. Fundargerðir og minnispunktar frá þessum fundum má finna á www.starfsthrounkennara.is

Starfsmaður

Starfsmaður fagráðsins í 50% starfi er Sólrún Harðardóttir. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fjármagnar þá stöðu. Starfsmaðurinn hefur vinnuaðstöðu hjá Menntamálastofnun.

Ráðstefnur, málþing, opnir fundir

Á starfstíma sínum hefur fagráðið staðið að nokkrum opnum ráðstefnum, málþingum og fundum. Markmiðið er að stuðla að umræðu, aukinni þekkingu á viðfangsefnum fagráðsins.

Á árinu 2015 má nefna:

- fundi um kennsluhætti og námsumhverfi í grunnskólum út frá þremur sjónarhornum; kennara, nemanda og ytra mati, í samstarfi við Námsmatsstofnun (október 2014 í Hannesarholti)
- fundi um hlutverk, ábyrgð og skyldur varðandi starfsþróun kennara (ágúst 2015 í Gerðubergi)

VERKEFNIN

Hér er sagt frá helstu verkefnum fagráðsins á árinu 2015. Þau eru liður í að geta betur sinnt stefnumótun eða uppfylla hlutverk fagráðs.

Vefir

Vef fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, starfsthrounkennara.is, er ætlað að veita upplýsingar um starf fagráðsins ásamt því að miðla áhugaverðu efni sem tengist starfsþróun kennara. Dæmi um efni:

- upplýsingar um fagráðið (hlutverk, forsaga, fulltrúar)
- skýrslur, fundargerðir og minnispunktar
- frásagnir og upptökur frá ráðstefnum eða fræðslufundum
- sjóðir sem styrkja við starfsþróun kennara
- vísanir á fræðigreinar, bloggfærslur, viðtöl, blaðgreinar, fyrirlestra og námsritgerðir
- tilkynningar um viðburði á vegum fagráðs eða annarra sem tengjast starfsþróun kennara
- vinnugögn fagráðs (á lokuðu svæði).

Nátengd vefnum er upplýsingaveita en þar er miðlað upplýsingum um framboð á símenntun og starfsþróun kennara. Um er að ræða gagnagrunn og geta þeir sem hafa til þess leyfi sett þar inn efni. Upplýsingaveitan var formlega tekin í notkun í mars 2015.

Birt var viðtal við starfsmann fagráðsins í Skólavörðunni, tímariti Kennarasambands Íslands, þar sem fjallað var um upplýsingaveituna og hún kynnt. Frekari kynning veitunnar stendur fyrir dyrum.

Uppfærsla og viðhald vefsins og upplýsingaveitunnar er í umsjón starfsmanns fagráðsins.

Sjóðakerfi

Skýrslan, *Starfsþróun kennara – greining á sjóðaumhverfi*, var unnin að beiðni fagráðs. Þar er gerð grein fyrir sjóðaumhverfi í símenntun og starfsþróun kennara. Sigrún Vésteinsdóttir hjá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri vann skýrsluna. Skýrslan var birt í ársbyrjun 2015. Listi var unninn út frá skýrslunni yfir sjóði og komið fyrir á vef fagráðsins. Vinnuhópur innan fagráðs fjallaði ítarlega um skýrsluna, auk þess sem aðilar fagráðsins brugðust við innihaldi hennar í samráði við sitt bakland. Vinnuhópurinn skilaði greinargerð til fagráðsins um fjármál og byggði hún á umræddri skýrslu. Í henni voru settar fram tillögur og hugleiðingar til ráðsins.

Hlutverk, ábyrgð og skyldur

Á árinu var unnið að því að skilgreina hlutverk, ábyrgð og skyldur mismunandi aðila varðandi símenntun og starfsþróun kennara. Þessir aðilar eru: kennarar, skólastjórnendur, sveitarfélög, ráðuneyti og háskólar (sbr. samsetningu fagráðs). Hver og einn aðili gerði grein fyrir sinni afstöðu skriflega og í framhaldinu var haldinn opinn fundur um málefnið í Gerðubergi í ágúst. Umfjöllun þessi skiptir miklu máli varðandi stefnumótunarvinnu og færir okkur m.a. vitneskju um stöðuna og hvaða atriði eru ekki formlega á ábyrgð neinna.

Þörf fyrir símenntun og starfsþróun

Vinnuhópur var stofnaður til að leitast við að greina þarfir fyrir símenntun og starfsþróun. Þarfirnar voru skoðaðar útfrá kennurunum sjálfum, skólunum, sveitarfélögum og ráðuneyti. Margt spilar hér inn í s.s. skólagerð og skólastig, landfræðileg lega og staða sveitarfélags og skóla, námssvið eða námsgreinar. TALIS könnun OECD var notuð sem eins konar áttaviti vinnunnar en TALIS skýrslur gefa okkur ýmsar vísbendingar um stöðu mála í þessu efni. Níu rýnihópar með fulltrúum kennara og stjórnenda í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum voru settir á fót til þess að afla upplýsinga um aðstæður og afstöðu ólíkra hópa. Auk TALIS var unnið með niðurstöður ytra mats, starfsháttarannsókn í grunn- og framhaldsskólum, viðhorfskannanir KÍ, upplýsingar frá starfsþróunarsjóðum og fleira.

Kennaramenntun

Vinnuhópur hefur verið að móta tillögur um starfsævilanga kennaramenntun. Með því að skilgreina menntun kennara sem heildstæða ævimenntun er hægt að mynda samfellu milli grunnmenntunar kennara og starfsvettvangs þar sem horft er á menntun kennara sem eitt samhangandi ferli og kerfi sem felur í sér mismunnandi þætti, stig og leiðir út frá sérhæfingu, áhugasviðum og fjölbreytilegum viðfangsefnum í skólastarfi. Nauðsynleg forsenda og undirstaða heildstæðrar ævimenntunar kennara er stoðkerfi til að tryggja aðstæður og tækifæri til starfsþróunar alla starfsævina og til að fylgja henni eftir. Í stoðkerfi felst skipulag, fjármunir og stuðningur.

Starfendarannsóknir

Starfendarannsóknir, ígrundun í starfi og starfsþróun eru nátengd og hefur fagrað talsvert fjallað um þessi atriði og sérstaklega aflað upplýsinga um starfendarannsóknir í íslenskum skólum. Liður í faglegu skólastarfi er að velta fyrir sér með gagnrýnum hætti hvað gert er og hvernig og hvaða árangur það hefur í för með sér. Með formlegum rannsóknum er slíkri ígrundun lyft upp á næsta þrep. Mikilvægt er að kennarar ígrundi starf sitt um leið og þeir þróa það áfram. Það er eðlilegur liður í kennarastarfinu og nauðsynlegur í starfsþróun og verður að gera ráð fyrir honum í vinnutíma kennara.

Future Teachers – A Profession at crossroad

Fagrað skipulagði ráðstefnuna *Future Teachers – A Profession at Crossroads* í ágúst 2014, en Norræna ráðherranefndin stóð að henni. Vinnuhópur á vegum fagraðsins vann áfram með það sem fram kom á ráðstefnunni og setti í samhengi við verkefni og hlutverk fagraðsins í sérstakri greinargerð. Margt af því sem fram kom hefur reynst fagraðinu notadrjúgt og skilað sér beint eða óbeint inn í tillögur þess.

Hlutverk, ábyrgð og skyldur

Í tengslum við stefnumótun um starfsþróun kennara og skólastjórnenda greindu aðilar fagráðsins hlutverk, ábyrgð og skyldur einstakra aðila að atarfsþróun og símenntun. Haldinn var opinn fundur um málefnið í Gerðubergi í ágúst 2015.

Vinna með hugmyndir og hugtök

Hugtök þurfa að vera skýr til að tryggja sameiginlegan skilning í störfum fagráðsins.

Starfsþróun

Fljótlega kom fagráðið sér niður á skilgreiningu á hugtakinu starfsþróun sem hefur haldið síðan. Hugtakið þarf þó að vera í stöðugri endurskoðun.

Starfsþróun er samfelld meðvitað og mótað ferli sem leiðir til umbóta og jákvæðrar þróunar. Hún er beintengd daglegu starfi kennara með nemendum og skipulögð í kringum raunveruleg viðfangsefni starfsins. Hún hefur skýran tilgang og markmið og miðar að því að efla færni og þekkingu starfsfólks skóla og auka gæði í starfi. Hún á sér stað í faglegu lærdómssamfélagi, er augljós og samofin hluti daglegs starfs fagfólks skóla og ber einkenni af menningu samfélags í þróun. Hún felur m.a. í sér formlegt nám, innleiðingu í starf á fyrsta starfsári, námskeið, rannsóknir á eigin starfi, þátttöku í þróunarverkefnum, ráðgjöf, ráðstefnur, fræðilestur, skólaheimsóknir svo eitthvað sé nefnt. Stefnumiðuð starfsþróun stuðlar að aukinni starfsánægju, hefur áhrif á árangur í starfi og minnkar líkur á kulnun eða brotthvarfi kennara úr starfi.

Hér kemur fram á hvaða formi símenntun og starfsþróun getur verið. Eflaust má bæta við þessi atriði. Vinnuhópur um þarfir fjallar um þetta í vinnu sinni. Upplýsingatæknin, möguleikar og áhrif hennar á menntun og starfsþróun fær líka sérstaka athygli innan fagráðsins.

Lærdómssamfélagið

Fagráðið leggur áherslu á fagleg vinnubrögð í skólastarfi, menningu og starfsanda sem stuðlar að metnaði og góðum árangri nemenda. Rætt hefur verið um lærdómssamfélag. Hvað það nákvæmlega er á fagráðið eftir að skilgreina. (Starfskenning?)

Fagráðið hefur litið til þeirrar stefnuvinnu sem á sér stað á vegum ráðuneytisins, einkum í tengslum við innleiðingu Aðalnámskrár og verkefni tengd Hvítbók um umbætur í menntamálum.

Tilhögun starfsþróunar í öðrum lön dóm

Fagráðið hefur safnað saman nokkrum upplýsingum um fyrirkomulags starfsþróunar í öðrum löndum í þeim tilgangi að læra af þeim en jafnframt rökstyðja þær leiðir sem gerðar verða tillögur um. T.d. átti formaður fagráðsins sæti í nefnd á vegum norrænu ráðherranefndarinnar sem stofnað var til í framhaldi af ráðstefnunni *Future Teachers*. Viðfangsefni nefndarinnar eru m.a. tilhögun kennaramenntunar, gæði hennar, hæfni þeirra sem mennta kennara, fagmennska skólastjórnenda, samstarf háskóla við starfsvettvang og mismunandi leiðir inn í kennarastarfið. Fjallað var um fagráðið sem dæmi um „good practice“ á Íslandi.

Nýliðar í kennarastarfi og skólastjórnun

Margt bendir til að mjög mikilvægt sé að styðja við nýliða í kennarastarfi og skólastjórnun. Sömuleiðis þyrfti að leggja meiri áherslu á æfingakennslu eða jafnvel kandidatestær meðal ungra kennara. Í mörgum löndum hefur verið unnið skipulega á þessu sviði. Fagráðið mun fjalla sérstaklega um nýliða í sínum tillögum og jafnframt um menntun þeirra sem veita þeim leiðsögn.

STEFNUMÓTUN

Fagráðið var skipað til þriggja ára og lýkur starfstíma þess í febrúar 2016. Lokamarkmið hjá fagráðinu er að setja fram tillögur að stefnu um símenntun og starfsþróun kennara. Eins og fram hefur komið hafa starfshópar unnið að mörgum málum og skrifað greinargerðir og tillögur. Á þessu mun fagráðið byggja í sinni lokaskýrslu. Einnig má benda á að áhrifa vinnu fagráðsins er þegar farið að gæta. Þannig hafa opnir fundir og vinna í baklöndum aðila fagráðs leyft hugmyndum að þroskast og festa rætur. Fólk ber greinilega traust til fagráðsins og margir hafa lagt á sig umtalsverða vinnu til að starfsþróunarmál kennara komist í betra horf.

Skipunartími fagráðsins rennur út í lok febrúar 2016. Unnið er að lokaskýrslu með tillögun að stefnu um starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Þar mun verða lagt til að fagráð um starfsþróun kennarastéttarinnar verði fest í sessi sem mikilvægur samstarfsvettvangur þeirra aðila sem standa að þessu mikilvæga verkefni; þ.e. ráðuneyti, sveitarfélög, samtök kennara og skólastjórnenda og kennaramenntunarstofnanir. Ljóst er að skilgreina þarf betur og efla fjármálaumhverfi starfsþróunar kennara og skólastjórnenda. Nauðsynlegt er einnig að skýra framhald þeirrar stefnunnar sem unnin hefur verið og liggur fyrir í lokaskýrslu fagráðsins..

Janúar 2016; SM - SH